

L Ö G

um breyting á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. liður B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

2 fulltrúar tilnefndir af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á fiskúrgangi úr sjávarafla öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 3 fulltrúum söluaðila þannig: 1 frá samtökum sjómanna, sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðila í verðlagsráði: frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, 1 frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og 1, sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðila í verðlagsráði: Frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðvum á vegum Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda, og má síðastnefndi fulltrúinn ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra, er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein, og 3 fulltrúum kaupenda þannig: 1 frá samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi og 2 frá verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

3. gr.

Á eftir orðunum „að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla“ í 1. tölulið 5. gr. laganna komi inn orðin: úrgangsfiski og fiskúrgangi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 60 24. desember 1964, um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins, inn í lög nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.